

## GJALDSKRÁ

### Norðurorku hf. fyrir hitaveitu.

#### 1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Norðurorka takmarkar alla jafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

##### A. Vatnsgjald (Akureyri og nágrenni).

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð kr. 160,90.

##### B. Fast verð (óháð staðsetningu).

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar. Greiða skal fast verð sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast verð fyrir hvern mæli:

Mælir	Grunnverð kr./dag
15 til 20 mm	84
25 til 32 mm	347
40 mm	1.365
50 mm og stærri	2.634

##### C. Heimæðagjald. Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjaveita):

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
20 mm heimæð	584.317
25 mm heimæð	755.408
32 mm heimæð	992.747
40 mm heimæð	1.358.928
50 mm heimæð	1.935.656
65 mm heimæð	2.864.837
80 mm heimæð	4.392.650

##### Fristundahús:

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
15 mm heimæð	584.317
20 mm heimæð	701.181

##### Lengdargjald:

- Lengdargjald í dreifbýli er 6.771 kr./m Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádrögnum 20 metrum.
- Lengdargjald í þéttbýli er 12.038 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

D. *Bráðabirgðaheimæðar (óháð staðsetningu).*

<i>Þvermál</i>	<i>Grunnverð kr.</i>	<i>Lengdargjald (kr./m)</i>
20 - 32 mm	65.490	9.900

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

## 4. gr.

*Ólafsfjörður.*

Fast verð mæla og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri gjaldskrá, sjá 3. gr.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 98,47.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum eða vatnsmælum. Fast verð fyrir hemil er kr. 84 á dag óháð stærð.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 2.222

## 5. gr.

*Reykjaveita.*

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattstundagildi (kWst.) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattstunda (kWst.) er bakrásarhiti reiknaður með fast gildi 30°C fyrir mæla í samræmi við reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum nr. 561/2012.

Vatnsverð fyrir hverja kílóvattstund (kWst.) samkvæmt mælingu er kr. 6,11.

Fast verð fer eftir stærð mælis og er greitt skv. lið B í 3. gr.

*Heimæðagjald.*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	769.304
25 mm heimæð	1.001.909
32 mm heimæð	1.325.520
40 mm heimæð	1.824.809
50 mm heimæð	2.610.908
65 mm heimæð	3.877.710

*Frístundahús:*

Heimæðagjald, 15 mm (22 mm pex) inntak. Allt að 50 m frá stofnæð.

Heimæðagjald, 20 mm (28 mm pex) inntak. Allt að 50 m frá stofnæð

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
15 mm heimæð	1.015.704
20 mm heimæð	1.218.845

1. Lengdargjald í dreifbýli er 6.771 kr./m. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 50 metrum.

2. Lengdargjald í þéttbýli er 12.038 kr./m. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

## 6. gr.

*Ýmis ákvæði.*

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypping eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Ef heimagnagjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði s.s. í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

Tengigrindargjald er innifalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka mæli gildir verð skv. 7. gr. gjaldskrár þessarar.

Í sumarhús, frístundahús, verbúðir, hesthús og sambærileg hús skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagnar samkvæmt nánari leiðbeiningum sem koma fram í upplýsingariti heimlagna hjá Norðurorku sem tekur mið af 8. gr. reglugerðar um tæknilega skilmála hitaveitna nr. 488/2021. Hafi áhleypping eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta skv. gjaldskrá og innheimta lágmarksgjalds.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús, verbúðir, hesthús og sambærileg hús er fast verð og lágmarksgjald sem samsvarar gjaldi fyrir 300 m<sup>3</sup> af heitu vatni eða 12.800 kWst á ársgrunni þar sem kWst er grundvöllur orkumælingar. Þessi hús eru háð rennlistakmörkunum.

Atvinnustarfsemi sem nýtir iðnaðarvatn beint í framleiðsluferla og notkun fer yfir 10.000 m<sup>3</sup> á ári fær 25% afslátt af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Taxtinn gildir í engum tilfellum fyrir húshitun eða kranavatn. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Vatn til iðnaðarnotkunar ber 24% vsk.

Sundlaugar sem opnar eru almenningi njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Sundlaugar sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> á ári njóta 50% afsláttar á notkun umfram 25.000 m<sup>3</sup>. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku.

Íþróttavellir utanhúss í fullri stærð (löglegir keppnisvellir) njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði til upphitunar valla og eru þeir á sérmæli. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Vatn til notkunar fyrir snjóbræðslu á íþróttavöllum ber 24% vsk.

## 7. gr.

*Ýmis önnur gjöld.*

	<i>kr.</i>
Seðilgjald á pappírskröfur	275
Auka álestur per notkunarstað	5.384
Gjald fyrir breytingu/auka mæli	17.123
Afgreiðslugjald á vatni vegna atvinnurekstrar	5.716
Afgreiðslugjald á vatni vegna atvinnurekstrar utan dagvinnutíma	25.724
Lokunargjald/öpunargjald	5.716
Lokunargjald/öpunargjald utan dagvinnutíma	25.724
Lokunargjald ef grafa þarf niður að heimæð	239.697
Innheimtugjald skv. gjaldskrá Motus	

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, sem er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum og lögum nr. 159/2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 2023. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Norðurorku hf. nr. 1616/2022.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. júní 2023.*

F. h. r.

**Ólafur Darri Andrason.***Hreinn Hrafnkelsson.*